



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skólastjórnendur leikskóla
Framkvæmdastjórar sveitarfélaga
Skólanefndir
Fræðslustjórar/skólaskrifstofur
Félag stjórnenda í leikskólum

Reykjavík 24. ágúst 2018

1605080SA TH
Málalýkill: 01.86

Efni: Innleiðing leikskóla vegna nýrra persónuverndarlaga nr. 90/2018

Tilgangur bréfs þessa er að upplýsa um og aðstoða við vinnu sem allir leikskólar þurfa að takast á hendur vegna nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlög) og reglugerðar ESB um persónuvernd nr. 2016/679 (GDPR).

Þann 15. júlí sl. tóku gildi ný lög um persónuvernd. Lögunum er ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Lögin eiga að færa íslenska löggjöf til samræmis við GDPR sem kom til framkvæmdar í aðildarríkjum ESB þann 25. maí sl.

Það er ljóst að hin nýju lög munu hafa mikil áhrif á starfsemi stofnana og fyrirtækja, þar á meðal sveitarfélög og stofnanir þeirra eins og leik- og grunnskóla.

Mikið starf hefur átt sér stað undanfarin ár með grunnskólunum vegna úrskurðar persónuverndar nr. 2015/1203 í Mentor málinu svo kallaða.

Í Mentor málinu framkvæmdi Persónuvernd frumkvæðisúttekt á vinnslu persónuupplýsinga og öryggi þeirra í vefkerfinu Mentor hjá fimm grunnskólum í september 2015 sem valdir voru af handahófi. Ástæða frumkvæðisúttektar var sú að Persónuvernd hafði borist fjöldi ábendinga um að skráningar í kerfið brytu í bága við þágildandi persónuverndarlög. Í niðurstöðu sinni gerði Persónuvernd alvarlegar athugasemdir við skráningu og öryggi persónuupplýsinga í Mentorkerfinu. Þrátt fyrir að úttekt Persónuverndar næði aðeins til fimm grunnskóla, þá var áréttað í álitinu að: „Í ljósi framangreinds er það mat Persónuverndar að í ljósi þess að sú vinnsla sem hér um ræðir fer fram hjá nánast öllum grunnskólum landsins beri að samræma viðbrögð þeirra við áliti Persónuverndar“. Persónuvernd setti ákveðin tímamörk fyrir innleiðingu á breyttum og hertum kröfum. Ljóst var að þessar breytingar yrði að innleiða í alla grunnskóla landsins óháð því hvort þeir notuðu vefkerfið Mentor, Námfús, eða önnur kerfi og óháð gildistöku nýrra persónuverndarlaga.

Reykjavíkurborg stofnaði vinnuhóp til að bregðast við úrskurðinum ásamt sambandinu árið 2016. Eftir mikla vinnu var ljóst að ráða þyrfti öryggissérfræðing til starfa til að ljúka við að bregðast við Mentor máli. Óskaði sambandið eftir styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að ráða sérfræðing til að útbúa öryggisstefnu og öryggishandbók fyrir grunnskóla ásamt því að framkvæma áhættumat til að uppfylla skilyrði í Mentor máli og styðja við innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum. Marínó G. Njálsson öryggissérfræðingur var ráðinn til starfsins.

Innleiðingin var framkvæmd á þann hátt að haldnir voru fjarfundir með Marínó, sem er búsettur erlendis, og skólastjórnendum. Á fundunum fór Marínó yfir kröfur



Persónuverndar, öryggisstefnu fyrir skólana og leiðbeindi með gerð áhættumats. Marínó útbjó síðan skýrslu með niðurstöðum áhættumatsins fyrir hvern skóla. Hann hefur nú nánast lokið við áhættumöt á öllum grunnskólum landsins og útbúið drög að reglubók, handbók og verklagsreglum. Búist er við að þau skjöl verði endanleg á næstunni. Greiddi styrkur frá jöfnunarsjóði fyrir vinnu við alla skjalagerð og undirbúning hjá Marínó en skólarnir þurftu hver að greiða fyrir 5 tíma innleiðingu hjá sér.

Snemma varð ljóst að hefja þyrfti samskonar vinnu vegna leikskóla þó ekki lægi fyrir ákvörðun frá Persónuvernd gagnvart þeim. Ákvað sambandið því í samvinnu við Reykjavíkurborg að leita til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að styrkja verkefni sem laut að innleiðingu persónuverndarlaga í leikskólum. Var sótt um hærri styrk í þetta sinn og er ekki gert ráð fyrir að leikskólar þurfi að greiða fyrir innleiðingu og gerð áhættumats en í versta falli yrði slík greiðsla mjög lág.

Er hið styrkta verkefni í tveimur hlutum og verður það þannig unnið gagnvart leikskólum:

1. Annars vegar verður útbúin vinnsluskrá fyrir leikskóla sem byggir á vinnu fyrir einn leikskóla í Reykjavík sem var gerð í samvinnu við Landslög lögmennsstofu. Hefur vinnsluskrá vegna leikskóla nýverið verið send út og þurfa leikskólastjórnendur nú að fara yfir vinnsluskrá og aðlaga og breyta að sínum leikskóla í samvinnu við persónuverndarfulltrúa sveitarfélags.

2. Hinn hluti verkefnisins er sams konar vinna og fram fór vegna Mentor með stjórnendum allra grunnskóla landsins varðandi áhættumat, setningu reglubókar og tengdra skjala. Hefur samningur verið gerður við Marínó og gert er ráð fyrir svipuðu verklagi og með grunnskólunum. Sambandið mun halda utan um skipulag verksins hvað varða leikskóla utan Reykjavíkur, en Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborg annast leikskóla borgarinnar.

Gert er ráð fyrir að fundir með skólastjórnendum hefjist á haustmánuðum. Tengiliður við skólana hjá sambandinu verður Þórður Kristjánsson thordurk@samband.is


Að lokum bendir sambandið á að það hefur nýverið sett talglærur inn á heimasíðu sína sem varða persónuverndarlög og leikskóla en kynninguna má nálgast hér:

<http://www.samband.is/verkefni/stjornsysla-sveitarfelaga/personuvernd>

Stjórnendur leikskóla eru hvattir til þess að horfa á kynninguna, sem mun án efa auðvelda þeim að takast á við næstu skref í málinu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


 Guðjón Bragason
 sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs